

Nr. 031 / 09 Erlingur SF 65***Skipverji slasast við netadrátt***

Skipaskr.nr. 1379
 Smíðaður: Akureyri 1974
 Stærð: 142,2 brl. 232 bt.
 Mesta lengd: 31,47 m Skráð lengd: 28,13 m
 Breidd: 6,68 m Dýpt: 5, m
 Vél: Caterpillar 552 kW, 1974
 Fjöldi skipverja: 11



Erlingur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrslur
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgangur á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. mars 2009 var Erlingur SF 65 á netaveiðum fyrir vestan Vestmannaeyjar. Veður: N 7 m/s, dálítill sjór.

Verið var að draga netin þegar fiskur féll yfir blýteininn svo hætta var á að hann lenti undir teininum á rúllunni. Rúllumaðurinn ætlaði að koma fiskinum yfir teininn en netariðillinn fauk yfir hægri hönd hans og flæktist utan um vettlinginn. Honum tókst ekki að losa hendina og dróst hún upp í rúlluna og hann var nær kominn fyrir borð þegar félagar hans stöðvuðu spilið.

Slasaði fór til læknis þegar komið var í land og reyndist hann óbrotinn en mikið marinn og tognaður á handlegg og fingrum.

Við rannsókn kom fram:

- að vindur lá af rúllunni upp á rúllumanninn svo netariðillinn fauk yfir hönd hans en hann hélt á goggi í vinstri hendi sem hann kastaði frá sér til að halda sér;
- að neyðarstöðvun var inni við spil og einnig í stýrishúsi en stjórnun spilsins var stöng undir borðbrún skammt frá lunningu. Slasaði sagðist ekki hafa náð til hennar enda átti hann fullt í fangi við að halda sér með vinstri hendi í efri hluta rúllukjammans svo hann drægist ekki fyrir borð;
- að stýrishúsið var mannlaut. Skipstjórinn hafði farið aftur á bátapilfar til að aðstoða skipverja við að greiða úr flækju í niðurleggjara;
- að slasaði sagði að dregið hafi verið mjög hratt og það hafi verið orsök þess að hann hafði ekki ráðrúm til að losa hendina úr netinu. Fram kom

einnig hjá slasaða að talsverð pressa var á vinnunni þar sem nokkrir skipverjar þurftu að ná ferjunni Herjólfri til lands;

- að venjulega stjórnar rúllumaðurinn dráttarhraðanum með tilliti til þess hvernig úrgreiðslan gengur á borðinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að með því að yfirgefa stýrishúsið meðan á drætti stóð hafi öryggi skipverjans sem við rúlluna stóð verið stórlega ógnað sérstaklega þar sem dráttur var óvenju hraður miðað við eðlileg vinnubrögð.